



Grænt bókhald fyrir árið 2015

Alur hf.

Apríl 2016

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	30.04.2016	MM	MM	EA

Efnisyfirlit

1	Yfirlýsing stjórnna Als hf og Kratusar ehf.	3
2	Áritun endurskoðanda	4
3	Almennar upplýsingar	5
4	Umhverfisstefna	6
5	Lykiltölur	7
6	Niðurstöður mengunarmælinga.	7

1 Yfirlýsing stjórnar Als hf og Kratusar ehf.

Stjórnir Als hf / Kratusar ehf. staðfesta hér með að tölur og upplýsingar sem gefnar eru upp í grænu bókhaldi eru unnar úr bókhaldi fyrirtækisins og settar fram af bestu vitund starfsmanna Als hf / Kratusar ehf.

Í desember 2014, var rekstur Als seldur til Kartusar ehf. Í framhaldi af því var lokið við að vinna efni í Helguvík og framleiðslutækin tekin niður og flutt á Grundartanga, þar sem vinnsla fyrirtækjanna verður sameinuð.

Árið 2015 var síðast árið þar sem einhver rekstur var hjá Alið í Helguvík.

Engin teljandi umhverfisóhöpp urðu á tímabilinu.

Að álit stjórnar félaganna koma fram í skýrslunni allar nauðsynlegar upplýsingar og magnölur um hvernig starfsemi félagsins var háttað í Helguvík árið 2015.

F.h. stjórnar Als hf / Kratusar ehf

Framkvæmdastjóri:

Matthías Matthíasson

2 Áritun endurskoðanda

Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirlit upplýsingar sem fram koma í umhverfisskýrslu Als hf/ Kratusar. fyrir árið 2015. Umhverfisskýrslan er lögð fram af stjórnendum Als/ Kratusar og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því álit sem ég læt í ljós á framsettum gögnum í umhverfisskýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin er í samræmi við kvaðir reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna upplýsingar sem fram eru settar í umhverfisskýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærðargráðu einstakra þátta sem upp eru taldir í umhverfisskýrslunni. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að umhverfisskýrslan gefi glöggva mynd af umhverfisáhrifum rekstrarins fyrir árið 2015, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 30. Apríl 2016.

VSÓ Ráðgjöf



Guðjón Jónsson,
efnaverkfræðingur

3 Almennar upplýsingar

Alur hf. sinnir endurvinnslu á gjalli sem fellur til við álframleiðslu.

Alur hf. starfar samkvæmt gildandi starfsleyfi sem gefið var út 1. september 2011 og gildir til 1. september 2023.

Alur hf er staðsett í Helguvík, skrifstofa er í borgartúni 26, 105 Reykjavík.

Kratus ehf. er staðsett á Grundartanga, Klafastaðvegi 4.

Í stjórn Kartusar ehf sitja, Eypór Laxdal Arnalds, stjórnarformaður og Stefán Arnar Þórisson, meðstjórnandi. Framkvæmdastjóri er Matthías Matthíasson.

Eftirlitsaðili er Umhverfisstofnun.

Bæði fyrirtæki hafa sett sér umhverfisstefnu, en eftir yfirtöku Kratusar á rekstri Als er umhverfisstefna Kratusar í gildi fyrir bæði fyrirtækin.

Kratus ehf. er endurvinnslufyrirtæki. Fyrirtækið stefnir að því að lágmarka öll umhverfisáhrif sem tengjast rekstrinum og beitir því bestu fánægri tækni við endurvinnsluna.

Stefna fyrirtækisins er að öll úrgangsefni sem að falla til fari til endurvinnslu eða endurnýtingar.

Fyrirtækið mun fylgja öllum lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Fyrirtækið setur sér það markmið að allar upplýsingar um umhverfisáhrif sem tengjast rekstrinum verði aðgengilegar eftirlitsaðilum, viðskiptavinum og almenningi.

5 Lykiltölur

Í töflu 5.1 má finna helstu lykiltölur ársins 2015.

Tafla 5.1: Lykiltölur – hráefni, orka og framleiðsluvörur		
	Eining	Magn
Framleiðsla:		
Ál	Tonn	600
Hráefni:		
Álgjall	Tonn	1800
Orka:		
Súr	Tonn	200
Olía	Tonn	76
Aukaefni:		
Gjallsandur	Tonn	1200

6 Niðurstöður mengunarmælinga.

Síðustu mælingar í útblæstri frá rykhreinsivirki Als hf. í Helguvík voru framkvæmdar í Maí 2014 af starfsmönnum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Heildarryk frá brennslunni var 0,9 mg/Nm³ að meðaltali. Losunarmörk eru 20 mg/Nm³ skv.starfsleyfi.

Í töflu 6.1 eru niðurstöður mælinganna.

Tafla 1 Efnisinnihald í útblæstri		
Mælipáttur	Mæligildi (meðaltal) úr beinni mælingu	Losunarmörk
Ryk	0,9 mg/Nm ³	20 mg/Nm ³
-þar af flúoríð	0,08 mg/Nm ³	
Kolmónoxíð, CO	3,1 mg/Nm ³	
Nituroxíð, NO _x	4,6 mg/Nm ³	
Vetnisflúoríð, HF	0,22 mg/Nm ³	
Hitastig	48 °C	
Raki	0,9 %	

Mælingarnar eru í öllum tilfellum innan við gildandi losunarmörk.

Árið 2015 voru gerðar mælingar á jarðvegs og sjósýnum í Helguvík, mælingarnar voru gerðar 13. nóvember 2015 af starfsmönnum Mannvits.

Í töflu 6.2 er að finna niðurstöður þessara mælinga.

Tafla 6.2 Viðmiðunar- og greiningarmörk fyrir einstaka efnispætti í sjó- og jarðvegssýnum.

Tegund	Efnispættur	Viðmiðunarmörk	Greiningarmörk
Sjór	Flúor (F)	4 mg/L, meðaltal 1,3 mg/L	1,3 mg/L
Sjór	Ál (Al)	200 µg/L	<200 µg/L
Sjór	Nítrat (NO ₃)	50 mg/L (11,3 mg/L NO ₃ -N)	<50 mg/L (<11,3 mg/L NO ₃ -N)
Jarðvegur	Upplýsanl.flúor	10 mg/kg (L/S=10 l/kg)	ekki skilgreind

Niðurstöður sýnatöku þann 13. nóvember 2015

Niðurstöður efnagreininga á sjósýnum eru í töflu 2. Styrkur áb, flúoríðs og nítrats í sjó mælist langt innan viðmiðunarmarka UST í nóvember 2015. Meðalstyrkur flúoríðs í sýnum árunna 2013 til 2015 í sjó við skólgröfju og bryggju í Helguvík reiknast lítillega yfir viðmiði UST ef aðeins er tekið mið af niðurstöðum sem eru yfir greiningarmörkum hvernar efnagreiningar fyrir sig.

Niðurstöður efnagreininga á jarðvegssýnum eru í töflu 3. Magn vatnsleysanlegs flúors í jarðvegi var ekki greint með þeim greiningarmörkum sem óskað var eftir. Með hliðsjón af magni heildar flúors í jarðvegi og samanburði við fyrri greiningar má hins vegar álykta með nokkurri vissu, að magn vatnsleysanlegs flúors í jarðvegi er langt innan marka UST í nóvember 2015.

Virðingarfyllt,
Sverrir Óskar Elefsen